

# Upplýsinga- og tæknimennt 9. – 10.bekkur

**Kennari:** Victoria Reinholdsdóttir

**Kennslustundir:** 1 kennslustund/viku í samkennslu gegnum Kötlumixi.

**Námsefni:** Word, Google docs og google slides, Teams, Canva, Padlet, ýmis efni af netinu.

**Hæfniviðmið:** Hæfniviðmið fyrir upplýsinga- og tæknimennt eru settar fram í fimm flokkum:

## Vinnulag og vinnubrögð:

### Að nemendur geti:

- nýtt upplýsingaverið á fjölbreyttan hátt til þekkingaröflunar og miðlunar.
- unnið sjálfstætt og tekið ábyrgð á eigin námsframvindu.
- unnið á skapandi og gagnrýnn hátt, sjálfstætt og með öðrum.
- nýtt sér til fullnustu möguleika margvíslegs tæknibúnaðar á hagkvæman og markvissan hátt.
- beitt réttri fingrasetningu.

### Upplýsingaöflun og úrvinnsla:

- nýtt hugbúnað/forrit og önnur gögn við upplýsingaleit.
- nýtt efni á margvíslegu formi og rafrænan stuðning, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.
- beitt gagnrýnni hugsun við að vega og meta upplýsingar með tilliti til gæða og efnismeðferðar þeirra.
- unnið með heimildir, virt siðferði í heimildavinnu og sett fram heimildaskrá samkvæmt viðurkenndum aðferðum.
- nýtt hugbúnað og forrit við uppsetningu ritgerða og ritsmíða samkvæmt viðmiðum um uppsetningu og frágang, nýtt hugbúnað/forrit við framsetningu á tölulegum gögnum.

### Tækni og búnaður:

- nýtt hugbúnað/forrit við flókna framsetningu ritunarverkefna og tölulegra gagna.

### Sköpun og miðlun:

- nýtt hugbúnað við forritun og miðlun þekkingar á fjölbreyttan og skapandi hátt.

### **Siðferði og öryggismál:**

- sýnt ábyrgð við meðferð og dreifingu upplýsinga hvort sem er til persónulegra nota eða heimilda- og verkefnavinnu.
- nýtt rafrænar leiðir og samskiptamiðla af ábyrgð, unnið í samræmi við reglur um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um eigin siðferðislega ábyrgð.

### **Skipulag kennslunnar:**

Nemendur eru í vetur að vinna mikið með upplýsingaöflun af netinu, ritvinnslu og eru líka að læra að nota ýmis öpp og forrit eins og til dæmis Canva og Padlet. Vinnuskil eru að mestu leyti í gegnum Google Classroom. Nemendur verða úthlutað verkefni sem þeir eiga að vinna einslega eða í hóp og skila af sér fyrir ákveðnum dagsætningum. Verkefnin verða fjölbreytt en rauði þráðurinn verður það sem sett er sem þema í hverja lotu fyrir sig í Kötlumixinu.

### **Námsmat:**

Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti nemenda sem aðgengilegt er nemendum og foreldrum í mentor.

Einkunnir eru gefnar í bókstöfum og umsögnum.